



AST – VINNUFUNDUR FRAMKVÆMDARÁÐS NR. **V.**

Vinnufundur framkvæmdaráðs AST var haldinn í fimmtud. 7. apríl 2011 í húsnæði PNA að Vonarlandi. Fundinn sátu: Páll Björgvin Guðmundsson, Skúli Björn Gunnarsson, Stefanía G. Kristinsdóttir og Bj. Hafþór Guðmundsson. Arnbjörg Sveinsdóttir boðaði forföll.

Fundurinn hófst kl. 13:00.

Eftirfarandi gerðist:

1. Fjármál.

Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, sem annast m.a. frágang ársreikninga SSA, sat fundinn undir lið 1 og lið 2 að hluta, þar sem umfjöllun um hann fór m.a. fram, samhliða umfj. um fjármálapáttinn. Áður höfðu hann, PBG og BHG farið saman yfir málið á símafundi, sem ekki var færður til bókar, en á honum var ákv. að fara yfir málið með vinnuhópnum í heild.

Helztu mál, sem upp var velt á fundinum, voru eftirtalin:

- a) Rekstrarform: Sjálfseignarstofnun með nýja kennitölu eða „sjálfstæðar kennitölur að hluta til eða allra þeirra stofnana, sem kynnu að koma að hinu nýja fyrirkomulagi, sem að er stefnt. Yrði síðari leiðin valin eða talin nauðsynlegt, þyrfti að huga að deildaskiptum rekstri og uppgjöri. Alla vega er ljóst að aðgengilegt þyrfti að vera fyrir kostunaraðila (núverandi eða seinni tíma) rekstrarins, hvernig gerð væri grein fyrir tekjum og útgjöldum, sem ætluð væri til að mæta sérgreindum hlutverkum viðkomanda rekstrarhluta í samræmi við samninga þar um og/eða hlutverki skv. t.d. stofnskrá.
- b) Frágangur eigna og skulda einstakra stofnana við upphaf hins nýja fyrirkomulags, þ.m.t. frágangur ábyrgða og skulda umfram eignir, þar sem það ætti við, sem og ráðstöfun / eignfærsla jákvæðs eigin fjár ákv. stofnana við samruna / sameiningu rekstrar, þar sem það ætti við.
- c) Fram fari skilgreining á hugsanlegum „ásteitingsteinum“, og úrlausn slíkra vandamála / vafaatriða til að tryggja að núverandi kostunaraðilar ynnu með verkefninu og héldu áfram að ráðstafa sambærilegum fjármunum og nú er til að tryggja að hagkvæmni sú, sem nást myndi út úr sameiningu / auknu samstarfi, myndi skila sér í meiri fagmennsku og betri þjónustu fyrir atvinnulíf, menntaumhverfi og inn í sveitarstjórnarstigið.
- d) Með vísan til framangreindra atriða voru menn sammála um þörfina á því að gera sýnilegar „fjárgöturnar að vatnsbólum og fjörubeit“ (flæði fjármagns til skilgreindra verkefna á vegum núverandi stofnana innan hins nýja fyrirkomulags.
- e) Huga þarf að samlegðaráhrifum, sbr. örlítið útfærða ábendingu ASv. í tp. í aðdraganda þessa fundar, svohljóðandi:
 - I) Hvar liggja samlegðaráhrif ?



- II) Hvernig á að tryggja að forstöðumenn núverandi stofnana verði ekki áfram að sýsla hver í sínu horni ?
- III) Hvernig næst samhæfing á milli eininga svo að mannauðurinn nýtist sem best og verði sveigjanlegur ?
- IV) Hvernig munu starfstöðvar virka í raun ?
- V) Hvernig verður samstarfi háttað við starfsmenn sveitarfélaga á sömu málefnasviðum og hér er fjallað um (sbr. t.d. tilraun vinnuhóps AST til að skilgreina „stöðstofnanakerfi“ einstakra sveitarfélaga) ?
- VI) Verða skilgreindar fleiri meginstöðvar en Fjarðabyggð (Reyðarfjörður) og Egilsstaðir?

2. Skipurit.

Farið var yfir endurbætta tillögu að skipuriti, en drög að því hafa verið til umfjöllunar á fundum framkvæmdaráðsins. Eftir ítarlega yfirferð var ákveðið að fullvinna tillögur með sendingum manna í millum, en jafnframt að halda því opnu að fyrir AST hópinn í heild verði lagðir að minnsta kosti 2 valkostir sem yrðu skilgreindir í hörgul.

3. Önnur verkefni í gangi:

- a) Samantekt upplýsinga um uppbyggingu viðkomandi stöðstofnana m.t.t. samþykktu um þær er í vinnslu. Mun liggja fyrir, þegar gögn verða lögð fyrir vinnuhópinn um AST í heild.
- b) Skýrsla / samantekt samhliða framlagningu tillagna, skipurits o.fl. Verður unnin samhliða frágangi tillagna um skipurit, en ekki verður hægt að ljúka við hana fyrir en fyrir liggur samkomulag um frágang og útlit hugmynda um skipurit.

4. Næsti fundur:

Ákveðið að boða vinnuhópinn um AST til fundar (annað hvort á Egilsstöðum eða á Reyðarfirði) miðvikud. 20. apríl kl. 10:00 til 12:00. BHG falið að boða til fundarins og ganga frá dagskrá í samráði við framkvæmdaráðið.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:00.

Bj. Hafþór Guðmundsson – fundarritari.